

Grindavík, 2. júní 2026
nr. erindis 2511029

GRENN DARKYNNING

Tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu vegna nýrrar veltengingar við Efrahóp og Arnarhlíð

Mál í skipulagsgátt nr. 692/2026

Kæri lóðarhafi / kæri forkaupsréttarhafi,

Grindavíkurbær kynnir hér með tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hlíðarhverfis vegna nýrrar veltengingar milli Arnarhlíðar og Efrahóps. Breytingin er gerð í kjölfar náttúruhamfara í Grindavík og felur í sér breytingu á götuskipulagi á skilgreindu skipulagssvæði. Markmið breytingarinnar er að tryggja betri tengingar innan hverfisins og auka sveigjanleika umferðar þ.m.t. aukið svigrúm viðbragðaðila til að komast á milli staða.

Skipulagssvæðið afmarkast af Hópsbraut að sunnan, Efrahópi að vestan og Arnarhlíð að austan. Komi í ljós eftir breytingina að umferð í gegnum neðri götu Efrahóps aukist vegna breytingarinnar mun sveitarfélagið skoða að bregðast við með því að loka götunni í vesturenda og gera hana að botnlanga í þá áttina.

Grenndarkynning þessi fer fram á grundvelli 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Athugasemdafrestur

Frestur til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna er til og með 30. júní 2026. Athugasemdir skulu berast skriflega á netfangið skipulag@grindavik.is.

Þeir sem ekki skila inn athugasemdum innan tilskilins frests teljast ekki gera athugasemdir við breytinguna.

Bókun innviðanefndar Grindavíkurbæjar — fundur nr. 15

„Breytingaruppdráttur vegna óverulegrar deiliskipulagsbreytingar í Hlíðarhverfi vegna nýrra aðkomuleiða að Efrahópi í kjölfar náttúruhamfara í Grindavík lagður fram. Innviðanefnd samþykkir að grenndarkynna framlagða óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir öllum lóðarhöfum og forkaupsréttarhöfum við Efrahóp og Arnarhlíð. Jafnframt verður skipulagsbreytingin auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.“

Lagaheimild: Skipulagslög nr. 123/2010, 2. mgr. 43. gr. og 44. gr.

Fylgiskjal hér að aftan: Breytingaruppdráttur deiliskipulags.

Virðingarfyllt,

Skipulagsfulltrúi, Grindavíkurbær


skipulag@grindavik.is



GRINDAVÍK
Breyting á deiliskipulagi vegna
nýrrar vegtengingu við Efrahóp

Deiliskipulagsuppráttur
Yfirlitsteikning kvarði 1:1000
Frumstærð blaðs A2

Staðsetning skipulagstillögu



Aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032
Þéttbýlisuppráttur samþykktur 24.11.2026



Breytt deiliskipulag

mkv. 1:1.000



Gildandi deiliskipulag, skipulagið öðlast gildi 13. des. 2006

mkv. 1:1.000

Greinagerð og skilmálar

Almennir skilmálar.
Mælibleð sýna nákvæmar stærðir lóða, lóðarmörk, byggingareiti húsa, fjölda bílastæða og kvaðir á lóðum.
Frágangur lóðar skal koma fram á byggingarnefndarteikningu.
Byggingar skulu standa innan byggingarreita.


Afmörkun skipulagssvæðis

Unnið er að óverulegri deiliskipulagsbreytingu vegna breytingar á götuskipulagi vegna náttúruhamfara í Grindavík.
Verið er að setja vegtengingu á milli Arnarhlíðar og Efrahóps.
Skipulagssvæðið afmarkast af Hópsbraut að sunnan, Efrahóp að vestan og Arnarhlíð að austan.
Verði of mikil umferð í gegnum neðri götu Efrahóps vegna breytingar þessarar mun sveitarfélagið bregðast við með því að loka götunni í vesturenda, þ.e. gera að botnlanga í þá áttina.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Skýringar:

- Sprungur yfir hraunhellum
- Mörk skipulagssvæðis
Lína dregin ca. 5 m utan marka
- Byggingarreitur
- Bílastæði



Hnitakerfi ISN 93
Kortagrunnur Ísgraf (uppréttar loftmyndir) VS.

Breyting á deiliskipulagi þessu var samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur þann _____ 2026
í samræmi við 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/ 2010. Niðurstaða bæjarstjórnar hefur verið auglýst.

Tillagan var grendarkynnt _____ 2026 athugasemdafresti _____ 2026

Breyting á deiliskipulagi þessu var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda _____ 2026

Unnið í mars 2026 Ingibjör Björnsson



VERKFR/EDISTOFA SUÐURNESJA